



# Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2009

Félag kvenna í fræðslustörfum

## Frá ritnefnd

Kæru lesendur, Delta deildin á Vesturlandi tekur nú við ritstjórnarbolttanum úr hendi Vestfirðinga. Við hljótum allar að þakka þeim gott starf og erum sérstaklega ánægðar með fréttabréfið frá því í vor, sem barst okkur með nýju, björtu útliti, sem höfðar vel til lesandans. Til tals hefur komið innan samtakanna að fréttabréf í þessum búningi sé ef til vill liðin tíð og réttara væri að nýta sér frekar netmiðla til útgáfunnar. Ritnefndin tók þá ákvörðun á fyrsta fundi haustsins að enn skyldi þó lagt út í útgáfu fréttabréfsins á pappír eins og áður. Við teljum að slík útgáfa hafi marga kosti fram yfir netútgáfu, en gerum okkur einnig grein fyrir því að bæði formin eiga rétt á sér og geta bætt hvert annað upp. Fréttabréf á pappír má taka með sér hvert sem er og hafa á náttborðinu í skemmri eða lengri tíma en heimasíða samtakanna er komin til að vera og þangað eiga ýmsar upplýsingar að rata, sem áður fyrr voru birtar í fréttabréfum. Innan landssambandsstjórnarinnar er vilji til að skoða upplýsingamál og móta stefnu til framtíðar um það, hvaða upplýsingar eigi að vera á Internetinu og hverjar verði gefnar út með öðrum hætti, eins og til dæmis í fréttabréfi sem þessu. Ekki má gleyma að fjárhagshlið slíkrar útgáfu er ótrygg og mun framtíðin skera úr um það, hvort hún heldur velli. Í samræmi við ofansagt birtum við í þessu blaði efnis, sem ekki er háð ákveðnum dagsetningum eða úreldist fljótt. Það samræmist markmiðum samtakanna sem best, eins og að vera félögum til uppörvunar og fróðleiks og styrki félagsböndin. Við birtum ávarp landssambandsforseta, Ingibjargar Jónasdóttur, frásögn Betasystra af landssambandsþingi á Hallormsstað í maí síðastliðnum, pistil Önnu Þóru Baldursdóttur frá Evrópuþingi, sem haldið var í Osló á liðnu sumri og yfirlit yfir helstu straua og stefnur í starfi deildanna. Þá hefur Þrúður Kristjánsdóttir tekið saman holl ráð til ungu kennaranna, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sendir okkur hugleiðingar og hugvekjju og Gyða Bergþórsdóttir segir okkur hvað henni er efst í huga. Þá eru að sjálfsögðu pistlar frá öllum deildum. Þá er lítið innskot um viðfangsefni félagskonu, Bryndísar Víglundsóttur. Slíkar fréttir eiga að sjálfsögðu vel við í fréttabréfinu okkar. Það er gaman að segja frá því að ritnefndin tók í notkun samskiptaforritið Wiggio sem er ókeypis forrit á netinu og auðveldar það mjög öll samskipti og yfirsýn okkar allra yfir verkefnið.

Við þökkum öllum, sem lagt hafa okkur lið við að afla efnis í þetta blað og óskum ykkur farsældar á komandi starfsári.

Jónína Eiríksdóttir

Þrúður Kristjánsdóttir

Sigrún Jóhannesdóttir

*Fréttabréfið er sett upp í forritinu Publisher og prentað hjá Fjölrítunarþjónustunni í Borgarnesi*

## Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsforseti



Kæru Delta Kappa Gamma systur  
Hver árstíð hefur sínar góðu hliðar. Nú er komið haust og vetur knýr dyra. Margir kvíða myrkrinu, aðrir hlakka til að eiga notalega stund í rökkrinu við kertaljós.

Síðastliðið vor kom saman hópur Delta Kappa Gamma kvenna til landssambandsþings á Hallormsstað. Þingið hófst með umræðu um nýja kennarann en þema síðustu stjórnar var einmitt um það efni. Þetta var góður fundur sem hófst með erindum Lilju Jónsdóttur og Maríu Steingrimsdóttur að loknu tónlistaratriði af Héraði.

Eftir hádegi hlýddum við á gullfallegan upplestur barna og við tók fagleg hópumræða. Fundinum lauk svo með samantekt Gerðar Óskarsdóttur og Valgerðar Magnúsdóttur. Um eftirmiðdaginn var farið í afar fróðlega og skemmtilega skógarferð með leiðsögn skógarvarðar. Undir lok göngunnar var konum farið að kólna í vorkulínu en það birti heldur yfir þeim er kona skógarvarðar færði hópnum heitt kakó með rommi. Þá fegnu konur fljótt yl í kroppinn. Fyrir kvöldmatinn var farið út í gamla húsmæðraskólann og Sigurður Blöndal sagði okkur frá móður sinni, Sigrúnu Blöndal, stofnun skólans og fyrstu árum hans. Þetta kvöld var lokakvöld Eurovision og skelltu sumar sér í hóp friðs flokks ungmenna sem horfðu á Jóhönnu syngja sitt lag. Um kvöldið skemmtu Zetakonur okkur eins og þeim einum er lagið.

Á sunnudagsmorgun hófst þétt dagskrá aðalfundar sem samanstóð af skýrslum stjórna, nefnda og deilda, kosningum, lagabreytingum, ályktunum og tillögum, erindi frá Jacklynn Cuppy fyrrverandi alþjóðaforseta og orði til umhugsunar frá Sigrúnu Jóhannesdóttur. Fundurinn gekk smurt fyrir sig undir góðri stjórn Ingibjargar Einarsdóttur. Landssambandsfundurinn skilur eftir ljúfar minningar um samveru, fróðleik, skoðanaskipti, hlýju og yndislegt systrapel.

Formenn og ný stjórn landssambandsins hittust á framkvæmdaráðsfundi 22. ágúst. Þar var bæði farið yfir starf deilda síðastliðinn vetur, skiptst á skoðunum og horft fram á næsta starfsár. Sigrún Klara, sem nú er 2. varafoseti alþjóðasambandsins fór yfir alþjóðastarfið, en það er eitt verkefni nýrrar stjórnar að færa það starf skerfi nær íslensku starfseminni.

Á næstu tveimur árum verður bryddað upp á á nokkrum nýjungum. Vefnefnd hefur verið sett á fót og við munum fara yfir upplýsingamálin með henni og ritnefndinni á næstu árum.

Gönguhópur DKGkvenna er að hefja göngu sína undir stjórn Margrétar Jónsdóttur í Gammadeild. Þar verður lagt upp með göngur fyrsta þriðjudag hvers mánaðar milli kl. 17:30-18:30. Það er ánægjulegt hve vel konur hafa tekið þessari hugmynd og ætla



Suðurnesjakonur ef til vill að slást í hópinn, en þema þeirra í vetur er *að leggja rækt við sjálfar sig*.

Í febrúar er áætlaður fundur um nefndarstörf í alþjóðanefndum og eru konur hvattar til að gefa kost á sér á þær nefndir. Umsóknum þarf að skila inn fyrir lok maí.

*From vision to action* er þema alþjóðaforsetans. Það hvetur okkur til dáða og minnr okkur á að vera vakandi fyrir því sem vel er gert í kringum okkur. DKG konur þekkja hve gott starf er unnið víða í nærumhverfi sínu, og eru hvattar til að vekja athygli á því úti í þjóðfélaginu.

Í haust sótti ég yngstu og elstu deildirnar heim og gaman er að sjá hve blómleg og áhugaverð umræða skapast þegar allur þessi fjársjóður reynslu og þekkingar kemur saman á deilarfundunum. Ég hlakka til að fylgjast áfram með starfi deilda og finna systrabélið.

Að lokum óska ég öllum systurum alls hins besta og vona að þið njótið farsældar í leik og starfi sem og samveru og styrks hveftrar annarar. Í lífinu skiptast á skin og skúrir og þá er gott að eiga góða að.

Með bestu kveðjum frá Ingibjörgu Jónasdóttur, landssambandsforseta

Ný stjórn, sjá mynd hér að neðan::

Anna Þóra Baldursdóttir fyrrverandi forseti Betadeild

Sóley Halla Þórhallsdóttir 1.varaforseti Betadeild

Steinunn Guðmundsdóttir 2. varaforseti Jótadeild

Ingibjörg Jónasdóttir forseti Gammadeild

Steinunn Ármannsdóttir meðstjórnandi Alfadeild. Á myndina vantar Ingibjörgu

Auðunsdóttur ritara Betadeild og gjaldkerann Guðbjörgu Sveinsdóttur Betadeild.

Einnig Guðnýju Helgadóttur lögsögumann úr Gammadeild.



Þarna erum við hræðilega þreyttar eftir strangan frmakvæmdaráðsfund

## Evrópuráðstefnan í Osló

### Anna Þóra Baldursdóttir



Ráðstefnuna, sem haldin var í Háskólanum í Osló dagana 5.–8. ágúst, sóttu 14 íslenskar Delta Kappa Gamma félagskonur, þrjár úr Alfadeild, sex úr Gammadeild, fjórar úr Betadeild og ein úr Deltadeild.

Flestar lögðu land undir fót þann 5. ágúst og mættu fyrir allar aldir á Keflavíkurflugvelli. Þar urðu skemmtilegir endurfundir. Nokkrar höfðu þó farið fyrir í einkaerindum og einnig fóru þrjár konur nokkrum dögum fyrir til þess að sinna verkefnum áður en sjálf tvingið hófst. Nýr landssambands-

forseti, Ingibjörg Jónasdóttir í Gammadeild, fór til þess að sitja námskeið fyrir nýja landssambandsforseta og ritara landssambanda sem venjan er að halda í aðdraganda Evrópuþings. Þá fór Helga Thorlacius í Betadeild til þess að sitja fund í European Forum og einnig tók hún að sér að sitja fund í útbreiðslunefnd. Einnig fór Eygló Björnsdóttir í Betadeild, vefstjóri DKG á Íslandi, fyrir en hún hafði verið beðin um að halda námskeið í upplýsingatækni svipað og í London 2007 og hún var líka beðin um að halda námskeið fyrir vefstjóra Evrópulandanna.

#### Upphafsdagur þingsins

Þingið var sett á hefðbundinn hátt síðdegis þann 5. ágúst með inngöngu alþjóðaforsetans, Evrópuforsetans og alþjóðastjórnarinnar í fundarsalinn og í kjölfarið gengu nýir landssambandsforsetar inn hver undir fána lands síns. Þetta er alltaf hátíðleg athöfn. Þá flutti forseti Evrópusamtakanna, Birgit E. Svansson frá Svíþjóð, ávarp og bauð þinggesti velkomna. Fleiri ávörp og kveðjur voru fluttar, formaður undirbúningsnefndar, Barbro Sommerset og fráfarandi landssambandsforseti í Noregi, Astrid Bie Saakland, buðu félagskonur velkomnar til Noregs og Oslóar og kynntu dagskrá þingsins. Einnig bauð rektor háskólans félagskonur velkomnar til fundarhalda í húskynnum háskólans og kynnti um leið starfsemi hans. Þá ávarpaði alþjóðaforsetinn, Carolyn Rants, þingið og flutti kveðjur alþjóðasambandsins. Fyrir og eftir samkomuna og á milli atriði nutum við tónlistar sem flutt var af ungu og efnilegu tónlistarfólki. Að aflokinni þingsetningu var gengið í Ráðhús Oslóarborgar þar sem borgarstjórinn bauð til móttöku. Okkar var sýnt húsið og saga þess var kynnt, ávörp voru flutt og við nutum aftur tónlistar og góðra veitinga. Að þessu búnu var haldið aftur á fundarstað þar sem fram fór hið hefðbundna „Night on the Town“, í þessu tilviki Oslo Night þar sem við skemmtum okkar saman og nutum matar og drykkjar enn og aftur. Þessi upphafsdagur Oslóarráðstefnunnar var að kveldi kominn og við röltum heim á leið í veðurblíðunni.



## Annar dagur þingsins

Annar dagurinn hófst með því að tvær norskar félagskonur fluttu stutta dagskrá sem nefnd var „Hugsjónir“ eða „Sýn“ (Visions) og fluttu þær nokkur kvæði eftir norska höfundu. Samsetning dagskrárinnar var áhugaverð og kvæðin vel og ljúflega, já, eða kröftuglega flutt, allt eftir eðli máls. Allir dagarnir hófust með dagskrá af sama tagi sem sömu félagar fluttu. Fór vel á þessu. Aðalfyrirlestur dagsins fjallaði um jafnréttismál og þar talaði kona að nafni Arni Hole, sem stýrir málaflokknum í því ráðuneyti sem það heyrir undir. Í máli hennar kom m.a. fram að 30 ár eru liðin síðan fyrst voru sett jafnréttislög í Noregi. Í þeim er t.d. krafa um að í öllum nefndum, stjórnnum og ráðum bæði á vegum ríkis og bæja skuli 40% nefndarmanna vera konur svo og í stórum fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöllinni. Einnig kom fram að fæðingarorlof er nú 56 vikur með 80% launum. Mæður skulu taka minnst níu vikna leyfi, þar af skulu þrjár vera fyrir fæðinguna, feður skulu taka 10 vikna fæðingarorlof (frá og með 2009), en restinni geta foreldrar svo skipt á milli sín. Margt fleira áhugavert kom fram.

Alþjóðaforsætinn, Carloyn Rants, tók að því búnu til máls og fjallaði um gagngera endurskoðun laga alþjóðasamtakanna sem framundan er. Í lok þessa allsherjarfundar voru pallborðsumræður um vinnuna við endurskoðun laganna, en í pallborðinu sátu auk alþjóðaforsætans þær Sigrún Klara Hannesdóttir og Marianne Skardéus frá Svíþjóð. Sigrún Klara situr í nefndinni sem mun vinna að endurskoðuninni.

Eftir hádegi á þessum 2. degi hófust málstofur um margvísleg málefni. Þennan dag héldu þrjár íslenskar konur málstofur. Ingibjörg Einarsdóttir í Gammadeild fjallaði um *Stóru upplestrakeppnina* og þær María Steingrimsdóttir og Anna Þóra Baldursdóttir í Betadeild fjölluðu um hlutverk leiðsagnarkennara sem leið til starfsþróunar. Síðdegis voru svo fundir í hinum ýmsu nefndum en aðrar konur áttu tveggja tíma frí.

Um kvöldið var boðið upp á siglingu um Oslóarfjörðinn á skútunni SS Lady Mack, en skútan mun hafa gegnt mikilvægu hlutverki í síðari heimstyrjöldinni. Lagt var upp kl. 18 og siglt var, m.a. framhjá hinu nýja og stórglæsilega óperuhúsi þeirra Norðmanna, sem vígt var á síðasta ári og er því glænýtt. Mjög margir þinggestir fóru í þessa siglingu og flestar íslensku konurnar. Þetta var ógleymanlegt kvöld. Matur og drykkur var vel fram borinn og nægur, við nutum góðrar og fróðlegrar leiðsagnar Bjargar Nackling, sem er ein af fyrrverandi landssambandsforsetum í Noregi, en hún býr við Oslóarfjörðinn þar sem heitir Bærum. Mikið var sungið um borð og Jim, hirðljósmyndari DKG sem ætíð er í för með þeim Ameríkukonum, myndaði af kappi. Fjörðurinn er mjög fallegur og náttúran fjölbreytt, einnig sáum við mörg skemmtileg og stórglæsileg íbúðarhús sem standa við fjörðinn alveg niður við sjó og upp í hlíðum og þar búa að sögn velhafandi Norðmenn. Kvöldið var bjart, hlýtt og fagurt, svo fagurt að það er eignlega ólýsanlegt. Þegar leið á kvöld og við sigldum tilbaka heim á leið, sáum við á sitt hvora skipshliðina sólina sem var að hníga til viðar og mánann sem fullur reið um heiminn. Sýnin var ægífögur og angurvær stemming skapaðist um borð. Þegar við lögðum að bryggju um kl. 22 var langur dagur að kveldi kominn og það voru þeyttir en ánægðir þinggestir sem héldu heim hver til síns næturstaðar.



## **Þriðji dagur þingsins**

Dagskráin hófst með því að dregin var upp „Sýn“ sbr. lýsingu frá 2. degi þingsins. Skildi sá dagskrárliður, eins og fyrri daginn, eftir notalega tilfinningu sem var gott veganesti inn í vinnuna framundan. Á þinginu voru kynntar konur, („A Woman of Vision“) sem lagt hafa á einhvern hátt margt og mikið af mörkum, t.d. til lista, mennta og menningar og þennan dag var kynnt finnsk stjórnmalakona. Aðalfyrirlesari dagsins var kona að nafni Nina Schartum Alnæs, háskólakennari, sem fjallaði um verk Henrik Ibsens, en efnið var viðfangið í doktorsritgerð hennar. Dró hún upp mynd af skáldinu og konunum í lífi hans og verkum og var það áhugaverð umfjöllun. Þá flutti Corlea Plowman, sem er skrifstofustjóri og hægri hönd alþjóðaforsætans, okkur orð til umhugsunar. Bæði inntak og flutningur efnisins hélt athyglinni fanginni.

Í kaffi- og matarhléum þennan dag og næsta var svokallað Info-Fair en þar kynna hinar ýmsu nefndir samtakanna og fleiri aðilar viðfangsefni sín og er áhugavert að rölja á milli sýningarbása og kynna sér málin með því að skoða gögn og spjalla við þá sem þar eru fyrir og eru vel inni í hverjum málaflökki fyrir sig. Eftir hádegi héldu málstofur síðan áfram og þennan dag héldu þær Jóhanna Einarsdóttir í Gammadeild og Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfadeild málstofur. Jóhanna fjallaði um rannsókn sem hún hefur gert á hlutverki leikskólans í nútímasamfélagi og þar var Ísland það nútímasamfélag sem rannsóknin tók til. Horft var á málin með augum 5 og 6 ára barna og foreldra þeirra. Sigrún Klara, sem hélt málstofu sína ásamt sænskri konu, fjallaði um lög og reglugerðir alþjóðasambandsins og þá gagngeru endurskoðun sem framundan er. Hvöttu þær stöllum félagskonur til þess að nota það tækifæri sem nú gefst til þess að hafa mótandi áhrif á umgjörð samtakanna. Eins og áður hefur komið fram situr Sigrún Klara, sem stjórnarmaður í stjórn alþjóðasamtakanna, í nefndinni sem vinna mun að endurskoðuninni.



Um kvöldið var svo hinn hefðbundni hátíðarkvöldverður, en áður komum við íslensku konurnar saman hjá þeim frænkum Ingibjörgu J. og Ingibjörgu E. til þess að hita upp fyrir kvöldið að íslenskum sið. Hátíðarkvöldið hófst með því að landssambandsforsetarnir gengu í salinn hver undir þjóðfána lands síns. Þetta er ætíð afar hátíðlegt og fyllist maður stolti þegar íslenski landssambandsforsetinn ber inn fánann. Þarna voru ýmis skemmtiatriði, söngur og tónlist af ýmsum toga. Þá voru stofnfélagar norska landssambandsins heiðraðir. Maturinn var góður og drykkir nægðu vel.

Við borðið þar sem undirrituð sat var einn af þessum norsku stofnfélögum og var gaman að spjalla við hana um upphafsár DKG þar í landi. Hafði hún að auki ferðast talsvert um Ísland og átti góðar minningar þar um. Einnig var við borðið kona frá Flórída og sagði hún að sér hefði verið uppálagt við brottför að leita upp ákveðna íslenska kona á þinginu og skila til hennar kveðjum. Ekki hafði hún fundið hana þegar þarna var komið sögu. Þessi íslenska DKG-kona hafði dvalið í Flórída fyrir allmörgum árum og sótt fundi í deild þeirrar amerísku. Hún fór að spyrja mig um konuna, en framburður hennar á nafninu var með þeim hætti að mér var ómögulegt að láta mér detta nokkur kona í hug, vissi enda ekki um neina félagskonu sem dvalið hafði í Flórída. Það var svo þegar ég spurði hana hvort hún væri bara að nefna fornafn konunnar eða bæði fornafn og föðurnafn í einu, að málin tóku að skýrast. Hún hafði nefnt bæði nöfnin og þegar hún svo sagði fornafnið eitt og sér, „Hööðfn“ leystist ráðgátan, en kona var þá Sjöfn Sigurbjörnsdóttir í Alfadeild. Hlaust af þessu nokkurt gaman við borðið. Við heimkomuna fékk Sjöfn kveðjurnar frá fyrrum félögum sínum í Flórída. Enn einum notalegum og áhugaverðum degi þingsins var lokið.

### **Fjórði og síðasti dagurinn**

Þessi síðasti dagur hófst einnig á hefðbundinn hátt með fundi svokallaðs Evrópu Forum, en það er eitt af fimm „forum“ samtakanna, þ.e. samtökin skiptast í fimm svæði sem hvert og eitt hefur með sér samband eða vettvang (forum) og hér í Evrópu er það „Evópuförumið“. Þarna eru rædd ýmis sérmál svæðisins. Fulltrúi okkar í stjórn er Helga Thorlacius í Betadeild og mun hún síðar í vetur kynna starfsemina í grein í Fréttabréfinu. Hápunktur fundarins er þegar einni konu, sem tilheyrir Evrópusvæðinu, er veitt viðurkenning fyrir mikilvert framlag til samtakanna og fyrir óeigingjarnt starf í þágu þeirra. Við íslensku konurnar vorum að vonum stoltar og hræðar þegar Sigrún Klara Hannesdóttir var nefnd til þess að taka við viðurkenningunni sem nú var veitt í annað sinn. Viðurkenningin er táknuð með fallegrri handgerðri nælu með táknum sem lýsandi eru fyrir Evrópusamtökin. Þetta var svo sannarlega verðskulduð viðurkenning Sigrúnu Klöru til handa. Hún, sem er ein af stofnfélögum Alfadeildar sem er fyrsta deildin sem stofnuð var hér á landi, hefur alla tíð unnið mikið fyrir samtökin bæði heima og erlendis. Hún var Evrópuforseti og er nú fyrsta evrópska konan sem sæti á í alþjóðastjórn samtakanna auk allra annarra starfa sem hún hefur gegnt bæði formlegum störfum og





óformlegum hlutverkum. Til hennar er ætíð gott að leita og getur sú sem þessar línur ritar staðfest það sem fráfarandi landssambandsforseti. Þau voru ekki ófá skiptin sem til hennar var leitað úr þeim ranni og ætíð þokuðust málin vel fram á við eftir þau samtöl.

Dagskrá síðasta allsherjarfundarins hófst sem áður með því að dregin var upp „Sýn“ og einnig var kynnt þýsk vísindakona sem “Woman of Vision”. Aðalfyrirlesari dagsins var eistnesk kona að nafni Ilvi Jöe Cannon en hún hafði flúið frá Eistlandi til Bandaríkjanna sem barn með fjölskyldu sinni og búið þar allt sitt líf. Hún flutti aftur til Eistlands fyrir nokkrum árum, þá um fimm tug. Hún talaði um sjálfstæðisbaráttuna þar í landi og það harðræði sem þjóðin hefur búið við um langt skeið. Frá atburðum sem áttu sér stað, m.a. á æskuárum hennar, hefur hún greint frá í bók sem ber heitið *Carrying Linda's stones*. Dró hún upp ljóta og ægilega mynd frá þessum tíma, en þar sem vonin og baráttuviljinn voru aldrei langt undan höfðu þau sigur að lokum.

Þá leið að þinglokum og til máls tóku fulltrúar frá Þýskalandi sem buðu til næstu Evrópuráðstefnu, sem haldin verður í Baden Baden 3.–6. ágúst 2011 og síðan Carolyn Rants, alþjóðaforsetinn, sem bauð til næstu alþjóðaráðstefnu sem verður haldin í Spokane í Washingtonfylki í Bandaríkjunum 20.–24. júlí 2010. Að því búnu fóru fram þingslit sem lauk með því að landssambandsforsetarnir gengu út úr fundarsalnum hver undir þjóðfána sínum og þar með lauk þessu Evrópuþingi í Osló og konur héldu til hádegisverðar eða kveðjumálsverðar eins og hann er kallaður.

Norsku konurnar stóðu vel að verki og höfðu vandað til alls undirbúnings og framkvæmdin tókst öll vel bæði um tímasetningar og það sem fram var borið af hvaða tagi sem það var. Þær eiga heiður skilinn.

Allmargar konur höfðu komið fyrir og farið í ýmsar skoðunarferðir í Osló og víðar um landið og enn aðrar ætluðu að dveljast lengur og fara í lengri ferðir. Einkum nýttu amerísku konurnar tækifærið til þess að skoða sig um enda um langan veg komnar. Margar konur héldu þó beint heim á leið. Við íslensku konurnar nutum dagsins í Osló og borðuðum saman þetta síðasta kvöld og höfðum auðvitað „hitað upp“ áður í þetta sinn hjá þeim Krístrínu Ísaks og Krístinu Jóns. Við áttum saman ánægjulegt kvöld. Flestar héldu heim á leið næsta dag.

Stór hluti af því að fara á DKG-þing er að hittast og njóta samverunnar og fræðast um leið. Íslenski hópurinn tengist sérstökum böndum og við hittumst alltaf til þess að gleðjast saman eins oft og við getum og finnum eða búum tilefni til. Einnig er það svo þegar farin hefur verið ein slík ferð, svo ekki sé nú talað um fleiri, þá sér maður sömu andlitin aftur og aftur og það verða fagnaðarfundir við að hitta erlendar DKG-systur. Þegar undirrituð fékk fundargögnin afhent, í flottum heimasaumuðum poka úr gallaefni sem norsku konurnar höfðu saumað fyrir alla þinggesti, og dró upp gögnin til að skoða, hékk handskrifaður miði þar á og á honum stóð eftirfarandi: „Ég er hér. Hlakka til að hitta þig“. Miðinn var frá bandarískri konu sem ég hafði unnið með í alþjóðanefnd og sem kom við hér á Íslandi fyrir nokkrum árum á ferð sinni yfir Atlantsála og við hittumst þá á ný í Reykjavík og svo þarna í Osló. Þetta lýsir kannski í hnotskurn gildi félagskaparins.



# Afrekskona í okkar röðum – Sigrún Klara Hannesdóttir Viðtal

*Sigrún Klara Hannesdóttir, félagi í Alfadeild og fyrrum landsbókavörður og prófessor við Háskóla Íslands, er heiðursviðmælandi okkar í þessu fréttabréfi. Til þess eru ærnar ástæður en sú helst að Sigrúnu var veitt evrópska afreksorðan, European Achievement Award, á Evrópuþinginu í Osló síðastliðið sumar. Slikar orður eru veittar þeim félagskonum sem hafa unnið mikið og markvert starf í þágu samtakanna á ýmsum vettvangi og er Sigrún önnur til þess að fá þessa orðu. Sú fyrsta var Dorothy Haley frá Bretlandi en hún er sú sem mest og best barðist fyrir því að Evrópa yrði sérstakt félagssvæði.*



*Sigrún hefur verið óþreytandi að leggja af mörkum til félagsstarfs Delta Kappa Gamma í þau 34 ár sem hún hefur nú verið félagi. Við báðum hana að rifja upp það helsta sem hún hefur tekið sér fyrir hendur frá því að hún gerðist stofnfélagi Alfadeildar árið 1975.*

INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA**  
THE DELTA KAPPA GAMMA SOCIETY  
INTERNATIONAL: EUROPE REGION

Members express their appreciation and present  
**The European Achievement Award 2009**  
to  
*Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir*  
at  
  
**The European Regional Conference**  
Oslo, August 2009

The official recommendation from Iceland reads:  
Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir has extensive knowledge of the Society. She has been involved from the time she became founder of the first chapter in Iceland in 1975, and has held many positions on chapter, state, regional and international levels.  
She is well known within the DKG Society and has served as the European Regional Director. During her biennium she visited most of the European States.  
This biennium she is the first European member to serve in the position of a vice president on the Administrative Board. She is the former National Librarian of Iceland, the first woman to hold that position in the country. She is always ready to do work for the Society. We believe she is a very worthy representative of the European Membership.

*Diana Bell* 8th August 2009  
Diana Bell, Chair of the DKG European Forum

Forsagan er sú að ég heyrði fyrst minnst á Delta Kappa Gamma árið 1967 þegar ég sótti um styrk hjá Fulbrightstofnuninni til að stunda meistaranám í bókasafnsfræði í Ameríku. Mér var veittur styrkur upp á 2.500 dollara og komst þá að því að það voru þessi samtök lykilkvenna í fræðslustörfum sem stóðu á bak við styrkinn sem ég fékk. Sjóðurinn sem styrkurinn kom úr er einn af styrktarsjóðum samtakanna, World Fellowship, sem er veittur konum utan samtakanna í gegnum styrkjakerfi Fulbright stofnunarinnar. Þar með var nafn mitt komið á skrá hjá Delta Kappa Gamma. Styrknum var ætlað að standa straum af kostnaði við eins árs nám.

Árið 1975 var fyrsta deildin, Alfadeild á Íslandi stofnuð. Í því skyni kom hingað kona að nafni Maria Pierce frá Alþjóðasamtökunum. Hún

hafði fundið nafn mitt á skrá samtakanna yfir styrkþega og því var mér boðið að verða ein af stofnfélögnum á Íslandi. Síðan eru liðin 34 ár og hef ég verið virk í félagsstarfinu síðan. Félagsstörfin hófust strax því ég var kosin í fyrstu stjórnina með

Þuríði Kristjánsdóttur sem var fyrsti formaðurinn. Það var mikið verk að vinna fyrstu árin við að átta sig á eðli og starfi samtakanna, þýða skjöl og staðfæra. Við gerðum okkur strax gildandi, skipulögðum geinaskrif í Moggann þar sem hver skrifaði um sitt sérsvið. Við lögðum okkur fram um að vekja athygli á samtökunum voru duglegar að lesa frumvörp og setja fram okkar athugasemdir við þau. Það má segja að ég hafi orðið virk frá fyrstu stundu.

Ég sótti aftur um og fékk styrk frá Delta Kappa Gamma árið 1984, í þetta skiptið úr Scholarship-sjóðnum sem ætlað er að styrkja félagskonur til að stunda doktorsnám. Árin 1992-1994 var ég formaður Alfadeildar og í beinu framhaldi af því var ég kosin forseti landssambandsins fyrir tímabilið 1995-1997. Þetta voru spennandi tvö ár þar sem við höldum upp á 20 ára afmæli stofnunar fyrstu deildarinnar og landssambandsins með veglegum hætti. Meðal þess sem við gerðum var að gefa út afmælisrit um 20 ára sögu félagsstarfsins á Íslandi og halda ráðstefnu um hina nýju samskiptatækni þess tíma, Internetið. Ýmislegt fleira var gert til að halda upp á þessi tímamót.

Síðan urðu þau tímamót að ég flutti til Finnlands árið 1998 vegna starfa hjá NORDINFO, sem er stofnun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, og sama ár var ég valin formaður World Fellowship sjóðsins sem ég hafði þegið styrk úr forðum en hafði nú það hlutverk að velja styrkþega úr hópi hundruða umsækjenda til náms í Bandaríkjunum. Ég hafði nóg að gera í frístundum næstu tvö árin að lesa og meta styrkumsóknir víðs vegar að úr heiminum. Það var góð tilfinning að geta gefið svoltið til baka með því að fá að vinna fyrir sjóðinn sem styrkti mig til framhaldsnáms og stuðlaði þannig að mínu faglega ævistarfi.

Þá tók við starf í annarri alþjóðlegri nefnd, Leadership Development, sem sér um að undirbúa þjálfunarnámskeið fyrir nýja landsforseta og kenna á námskeiðum sem haldin eru í tengslum við svæðisþing. Á alþjóðþingi, sem haldið var árið 2002 í Toronto, var ég beðin að flytja erindi eða nokkurs konar hugvekju fyrir alla 2000 ráðstefnugestina. Mitt efni var ENRICH sem þýða mætti með sögninni að AUDGA. Ég lagði út af því að besta aðferðin við að auðga okkar eigin líf er að gefa af okkur sjálfum og aðstoða þá sem eru hjálpar þurfi.

Alþjóðasamtökin hafa um langt skeið haldið sérstakt stjórnunar- og leiðtoganámskeið fyrir félagskonur í samstarfi við viðskiptadeild háskólans í Austin í Texas. Á þessu námskeiði er boðið upp á það besta úr MBA námi skólans og stendur Golden Gift sjóður DKG-samtakanna straum af öllum kostnaði. Ég var svo lánsöm að komast á þetta námskeið árið 2002. Það var góður undirbúningur bæði fyrir krefjandi starf landsbókavardar, sem ég hafði nýlega verið ráðin í, og fyrir þau félagsstörf sem ég sinnti fyrir samtökin.

Ég var kjörin svæðisstjóri Evrópusvæðis fyrir tímabilið 2002-2004. Eitt af hlutverkum hans er að vinna með því landssambandi sem sér um svæðisráðstefnu á því kjörtímabili. Það kom sér vel fyrir mig að Evrópusvæðisráðstefnan 2003 kom í hlut okkar hér á Íslandi. Ég gat því unnið þetta á heimavelli með konum sem ég þekkti vel og þurfti ekki að ferðast á undirbúningsfundi. Stýrihópurinn fyrir





Stýrihópurinn að störfum!

*Eins og lesendur sjá þá er framlag Sigrúnar Klöru til félagsstarfs í Delta Kappa Gamma orðið ærið og erfitt að telja saman þær vinnustundir sem hún hefur lagt af mörkum en jafnframt er augljóst að hún hefur svo sannarlega unnið vel fyrir þeirri heiðursorðu sem henni var veitt á Evrópusvæðisþinginu í Osló síðastliðið sumar.*

*Við spyrjum Sigrúnu að lokum hvernig hún meti það sem hún hefur fengið út úr því að vera í Delta Kappa Gamma:*

Stutt og laggott. Maður fær það út úr samtökunum sem maður er tilbúinn að leggja í þau! Ég get skipt því í tvennt sem mér finnst mikilvægasti ávinningurinn:

Það áþreifanlega, eins og námsstyrkina og Golden gift námskeiðið í Texas, og það faglega og persónulega eins og að hitta konur á öllum sviðum menntunar, eignast góðar vinkonur víða um heim og koma upp tengslaneti. Ég hef öðlast nýja þekkingu á ráðstefnum og þingum, fengið reynslu af að halda fyrirlestra innanlands og erlendis og af því að sinna stjórnunar- og félagsstörfum sem nýst hafa í starfi. Ég hef fundið hvernig öryggisleysi í byrjun breytist í öryggi sem kemur með reynslunni, hvernig tækifærin innan samtakanna hafa hjálpað til við að byggja upp sjálfstraust. Vináttan og hvatningin sem maður fær í samskiptum við félagana er ómetanleg.

*Að lokum, Sigrún. Ætlaðu að sækjast eftir að verða forseti alþjóðasamtakanna?*




Innsetning í embætti 2. varaforseta alþjóðasamtakanna



Nei! Ég er búin að vera virk í 34 ár og er komin á eftirlaun. Mér þykir of vænt um frelsi mitt núna til að flytja til Texas og vera þar meira og minna í tvö ár eins og krafist er af forseta. Ekkert embættanna hjá alþjóðasamtökunum er launað og tveggja ára starf er því meiri fórn en ég er tilbúin að færa.

Það breytir ekki því að ég hef haft mjög gaman af þessu alþjóðlega starfi og ekki er útlokað að ég gæti hugsað mér að taka áfram þátt í starfi í einhverri af þeim fjölmörgu alþjóðanefndum sem starfa innan samtakanna.

Viðtal Sigrún Jóhannesdóttir



## Hollráð í kennslustundum

Allir kennarar þekkja það hjá yngri nemendum, að þegar á að segja frá í söguhorninu þurfa allir að tala í einu. Gott er að hafa band eða borða, má vera “málband” og láta einn nemanda í einu halda í annan endann á bandinu og kennarinn í hinn og þá má sá tala sem er í sambandi, en hinir ekki. Með þessu verður þetta áþreifanlegt og virkar betur en orð.



Oft kemur fyrir hjá yngri nemendum að þau eru þreytt og e.t.v illa upplögð. Þá er gott að fá smá hreyfingu. Gott er að láta þau fara í tvær raðir og æfa sig í að ganga bein, með bók á höfðinu yfir þvera skólastofuna, bókina má ekki detta. Eins er hægt að vita í hve fáum skrefum þau komast sömu vegalengd. Það fíla strákarnir vel!

Úr fórum Þrúðar Kristjánsdóttur



## Gyða Bergþórsdóttir



### Mér er efst í huga...

Á ævikvöldi er mér efst í huga þakklæti til forsjónarinnar fyrir lífshlaup mitt sem hófst í efstu byggðum Borgar-fjarðar á minnst ellefu manna menningarheimili. Á þeim tíma voru heimilin bústaður, vinnustaður, elliheimili og sjúkrahús. Þar fæddist fólk og dó, svo að eitthvað sé nefnt, að maður tali ekki um uppeldishlutverk þeirra. Afí og amma voru alltaf á vísun stað til að sinna okkur krökkunum, kenna okkur til undirbúnings fyrir námið í farskólanum sem hófst við tíu ára aldur og stóð í þrjá mánuði á vetri í 3- 4 ár. Oft var komið til afa og lesið hjá honum, fengin forskrift eða dæmi til að leysa. Amma var einnig hafsjór af fróðleik en orðin blind í bernsku minni

og þá veitti það ánægju að geta lesið fyrir hana eða tekið upp lykkju og þannig hjálpað henni við þrjónaskapinn. Ég man sérstaklega þegar hún bað mig, um fimm ára aldurinn, að lesa fyrir sig sálminn Hvað boðar nýárs blessuð sól? Á meðan hringaði kötturinn sig og malaði í fyrstu sólargeislunum eftir skammdegið á rúmi hennar. Aldrei fundum við fyrir einangrun í æsku minni þótt við þekktum hvorki bílveg né síma, hvað þá skipulegar pósthferðir. Það var mikil framför þegar póstur fór að koma á tveggja vikna fresti. Það auðveldaði mikið tungumálanámið eftir útvarpinu á unglingsárunum. Lífsfyllingin fólst að mestu í að fylgjast með daglegum störfum, skyggjast þannig inn í reynsluheim fullorðna fólksins og læra fljótlega að rétta hjálparhönd.

Þrátt fyrir alla þá tækni, sem færir okkur nær umheiminum nú á tímum, kemur hún ekki í stað sambands milli vina augliti til auglitis og samvinnu þeirra við að reyna að bæta heiminn. Við sem höfum unnið við uppeldis- og fræðslustörf höfum leitast við það með því að „sá fræjum til framtíðar“ eins og Herdís Egilsdóttir, félagskona í samtökum okkar, komst nýverið svo vel að orði í útvarpsþætti. Eflaust minnumst við allar yndisstunda sem starfið hefur gefið okkur og höfum upplifað þau augnablik þar sem bros laðar fram bros frá heilum bekk. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að umgangast börn í áratugi, fylgjast með framförum þeirra og þroska og gleðjast með þeim yfir hverjum sigri þeirra. Einnig er ég þakklát fyrir að hafa haft tækifæri til að



taka þátt í margvíslegum félagsstörfum og fyrir þá vináttu sem myndast milli þátttakenda, ekki síst á milli okkar ágætu DKG systra. Mér til mikillar ánægju hef ég fengið tækifæri til að taka þátt í áratuga tónlistar- og kórastarfi þar sem hver þátttakandi er mikilvægur og leggur sig fram við að ná sameiginlegu markmiði. Fátt getur fært okkur betur saman og við í kór eldri borgara og kór leikskólabarna brúðum nýlega kynslóðabilið með því að halda sameiginlega tónleika á Vökudögum, menningarhátíð Akurnesinga. Þar skein gleðin úr hverju andliti flytjenda og áheyrenda. Mikilvægt er að búa sig undir hvert æviskeið, ekki síst efri árin, svo að við getum frekar aðlagast aðstæðum og notið þess sem heilsan leyfir, t. d. með því að velja okkur áhugamál sem líkur eru til að við getum sinnt á þeim árum. Með þessum orðum óska ég ykkur, kærur félagskonur, alls hins besta, langra lífdaga og góðrar elli.

Gyða Bergþórsdóttir, Deltadeild

## Af vettvangi félagskonu

### Gaman að lifa-gaman að hlusta

Margir hafa gaman af að hlusta á sögur og víst er að kennarar segja sögur. Haustið 2008 stofnaði ég ásamt vinkonu minni, Elínu Sigurgeirsdóttur, (dóttur Höllu Sigurjóns sem var félagi í Alfa deild þar til hún lést) hljóðbókaútgáfuna Gaman að lifa.

Markmiðið með útgáfu hljóðbókanna er fyrst og fremst að bjóða gott hlustunarefni, fjölskylduvænar sögur. Ekki hafa allir mikið næði til að setjast með bók til að lesa og gæti verið ánægjulegt að setja disk í spilarann hvort sem er heima eða í bílnum og hlusta á sögu.

Við áformum að gefa út vandaðar hljóðbækur fyrir börn, unglinga og fulloröna. Markmiðið er að bjóða bækur sem fjölskyldan getur haft gaman af að hlusta á saman.

Nú þegar eru komnar út Sögur af Munda, Benni og ég og Jólabaðið. Einnig höfum við gefið út fimm diska (tuttugu sögur) af dýralækninum snjalla, James Herriot. Sögunnar heita einu nafni Blessuð skepnan. Þá skrifaði ég nokkrar sögur af Munda á ensku og gaf þær út á hljóðbók undir heitinu The Boy Mundi. **Upplýsingar um næstu bækur sem við áætluðum að gefa út eru á heimasíðu okkar og er slóðin [www.gamanadlifa.is](http://www.gamanadlifa.is)** Ég vona að þið skoðið síðuna okkar og takið henni vel. Með bestu kveðjum,

Bryndís Víglundsdóttir



# Aα Alfadeild

Alfadeildin hóf starfsemi vetrarins af miklum krafti. Yfirskrift vetrarins er: **Frumkvæði og nýsköpun í skólastarfi**. Fyrsti fundur var haldinn 21. september en þetta var jafnframt fundur númer 200 frá stofnun Alfadeildar. Fundurinn var haldinn í Fellaskóla og var umræðuefnið tungumál í skólastarfi. Gestgjafi var nýr félagi Alfadeildar, Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri, sem fjallaði m.a.um íslenskukennslu fyrir nýbúa. Annar nýr félagi, Árný Inga Pálsdóttir, sagði frá stefnumótun í lestrarkennslu en hún er skólastjóri í Víkurskóla. Þriðji nýi félaginn, Erna Jessen, lektor, fjallaði um dönskukennslu í skólum.

Fundardagar framundan eru: 9. nóvember; 5. desember (jólafundur); 8. febrúar; 8. mars og 26. apríl sem verður aðalfundur.

Alls hafa sjö nýjar konur komið til starfa hjá Alfadeild á þessu tveggja ára tímabili og verið er að huga að enn frekari fjölgun, enda margar Alfadeildar konur komnar á efri ár. Í nóvember 2009 verður ein félagskvenna 80 ára og önnur 90 ára.

Erna Árnadóttir, formaður

María Sólveig Héðinsdóttir, varaformaður

Sigrún Klara Hannesdóttir, ritari

Margrét Gunnarsdóttir Schram

og Sigríður Ragna Sigurðardóttir, meðstjórnendur.

Þóra Kristinsdóttir, gjaldkeri

# Bβ Betadeild

Vetrarstarf Betadeildar hófst með menningar- og fræðsluferð að Laugum í Reykjadal. Í vor, þegar Betasystur voru á heimleið frá landssambandsþinginu á Hallormsstað og höfðu notið þess að heimsækja húsnæði húsmæðraskólans þar, kviknaði sú hugmynd innan hópsins að gaman gæti verið að skoða og kynna sér húsnæði og sögu Húsmæðraskólans að Laugum í Reykjadal en það var sá húsmæðraskóli sem margar norðlenskar stúlkur sóttu á sínum tíma en skólahald þar hefur nú verið lagt niður. Þann 11. september héldum við svo saman í rútu austur að Laugum og hófst heimsóknin í framhaldsskólanum þar sem Arnór Benónýsson kennari við skólann tók á móti okkur. Hann fræddi okkur um sögu skólans og starfið eins og það er í dag en undanfarin ár hefur verið unnið forvitnilegt þróunarstarf í skólanum, sem fól í sér miklar breytingar. Sverrir Haraldsson kennari við skólann fræddi okkur svo um grunnskólann og það starf sem þar fer fram og gekk með okkur um svæðið þar sem hann benti okkur á ýmislegt merkilegt á þessum fallega stað.

Göngutúrinn endaði við Húsmæðraskólann á Laugum þar sem Aðalbjörg Pálsdóttir kvenfélagskona tók á móti okkur. Hún sagði okkur frá merkilegri sögu skólans og





sýndi okkur húsíð en þar var margt að sjá sem gladdi augað. Heimsókninni lauk að Stóru-Laugum þar sem Betasystur snæddu saman dýrindis kvöldverð.

Á fundi okkar núna í október, sem haldinn var í Menntaskólanum á Akureyri, kynnti Rósa Kristín Júlíusdóttir, Betasystir, fyrir okkur þá kúnst að lesa myndverk. Að loknum fyrirlestri Rósu æfðum við okkur í að lesa myndverk á veggjum skólans en nóg er að taka í þeim efnum á göngum og í kennslustofum.

Framundan er svo þróttmikið starf þar sem ýmislegt verður á dagskrá bæði hefðbundið og óhefðbundið. Þar má bæði nefna dagskrárliði eins og jólafund og bókafund í janúar en einnig leshring, sjálfstyrkingu og fræðslu af ýmsum toga. Þema vetrarstarfsins er „Jákvæðni og gleði“ og er óhætt aðsegja að Betasystur muni reyna að hafa hvoru tveggja í heiðri í starfinu framundan.

F.h. Betadeildar, Eygló Björnsdóttir [eyglob@unak.is](mailto:eyglob@unak.is) formaður.

Aðrar í stjórn: Guðrún H. Björnsdóttir varaformaður

Þorgerður Sigurðardóttir ritari

Sigrún Aðalgeirsdóttir meðstjórnandi

Jóhanna S. Þorsteinsdóttir gjaldkeri

María Steingrimsdóttir fráfarandi formaður starfar með stjórn.

## Γγ Gammadeild

Vetrarstarfið byrjaði á safnaferð en það hefur verið venja undanfarin ár. Í þetta sinn heimsóttum við Hönnunarsafn Íslands sem staðsett er í Garðabæ. Við fengum fína leiðsögn hjá safnstjóranum Hörpu Þórsdóttur. Gaman var að skoða stóla, svefnsófa o.fl. sem margir könnuðust við. Vanalega höfum við sett okkur eitthvert þema fyrir vetrarstarfið en samt verið opnar fyrir góðum hugmyndum og tækifærum sem bjóðast. Þemað er nú rannsóknir í kennslu og var fundurinn í október helgaður starfendarannsóknum. Hafdís Ingvarsdóttir Háskóla Íslands kynnti þessa gerð rannsókna en haldið verður áfram með sama efni frá öðru sjónarhorni í janúar.

Á nóvemberfundinum ætlum við að fjalla um Delta Kappa Gamma á breiðum grundvelli og mun Sigrún Klara Hannesdóttir fjalla um það efni en aðallega ætlum við að fjalla um deildina okkar og starfið framundan. Fyrir þremur árum höfðum við samþætilegan fund og fengum fullt af hugmyndum um umfjöllunarefni og núna er meiningin að fá góðan lista af hugmyndum sem stjórnin getur móðað úr seinni part vetrar og næstu árin.

Við erum að taka inn 4 nýja félagag og verða þeir m.a. á næsta fundi að kynna sér starfið og síðan er inntökuathöfn skipulögð í desember.

Stjórnin er skipuð eftirfarandi: Björg Eiríksdóttir formaður,

Hrefna Þórarinsdóttir varaformaður,

Helga Halldórsdóttir ritari og

Jóhanna Einarsdóttir meðstjórnandi



# Δδ Deltadeild

Við í Deltadeild á Vesturlandi störfum á frekar stóru svæði eins og margar aðrar deildir á landsbyggðinni. Má samt segja að það séu þrír þéttir hópar í deildinni, á Akranesi, í Borgarnesi og í uppsveitum Borgarfjarðar. Félagskonur eru þó einnig í Döllum, á Snæfellsnesi og í Reykjavík. Þessi dreifing hefur skapað ákveðnar hefðir í starfi deildarinnar og má segja að við reynum að halda fundi um allt svæðið. Einn á hverjum stað. Ekki hefur það farið eftir neinni reglu hjá okkur nema fundurinn í uppsveitunum hefur undanfarin ár verið haldinn sama dag og aðventutónleikar eru í Reykholtskirkju og hefur hópurinn svo farið á tóneika eftir fund. Þetta má segja að sé orðin föst hefð hjá okkur og líkar mjög vel.

Í vetur ætlum við að líta til þess sem vel er gert í kringum okkur. Þar koma við sögu konur í deildinni og utan. Við ákváðum í stjórninni að hafa fyrirkomulag funda þannig núna að fela konum á hverjum stað að skipuleggja alfarið fundi á sínu svæði, útvega fundarstað, fyrirlesara og annað sem lýtur að skipuagi funda. Við byrjuðum í Borgarnesi á Landnámssetri Íslands þar sem Sigríður M. Guðmundsdóttir var gestur okkar og sagði okkur frá starfi þeirra hjóna, hennar og Kjartans Ragnarssonar og rekstrarfyrirkomulagi setursins.

Næsti fundur verður svo í Reykholti 28. nóvember. Eftir jól fundum við svo á Akranesi í nýjum húsakynnum bókasafnsins og förum svo til Reykjavíkur í mars/apríl. Vorfundurinn verður svo haldinn fyrir vestan, nánari staðsetning ekki ákveðin.

Með systrakveðju,

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir formaður Deltadeildar

Aðrar í stjórn, Halldóra Jónsdóttir ritari, Inga Stefánsdóttir meðstjórnandi, Elisabet Jóhannesdóttir varaformaður. Gjaldkeri er Jensína Valdimarsdóttir.



Hjá Þrúði í Búðardal. Þrúður, Kristín, Halldóra, Inga, Sjöfn, Helga, Gyða, Soffía og Elsa

Stjórnarskipti vorið 2008:

Jensína, Sigurveig, Inga, Ingibjörg, Elisabet og Brynja.



# Eε Epsilondeild

Vetrarstarfið hjá Epsilondeildinni hefur farið rólega af stað. Stjórnin hittist um miðjan september og fór yfir dagskrá vetrarins. Í stjórn Epsilon eru Erna Ingvarsdóttir (meðstjórnandi), Eydís Katla Guðmundsdóttir (gjaldkeri), Inga Úlfisdóttir (ritari) og Vera Ósk Valgarðsdóttir (formaður).

Þann 15. október s.l. hittist síðan allur hópurinn á okkar fyrsta fundi í Sunnlækjarskóla á Selfossi þar sem Jóhanna Einarsdóttir sagði okkur frá forvarnarverkefni þar á bæ og nefnist „*Flott án fíknar*“ og gengur út á að halda unglingum frá víni og tópbaki, stuðla að heilbrigðri unglिंगamenningu og heilbrigðu lífi og styðja við unglinga sem eru í góðum málum. Jóhanna er námsráðgjafi og er verkefnisstjóri þessa forvarnarverkefnis. Hún fór yfir tilurð verkefnisins og tengsl þess við UMFÍ og er Sunnlækjarskóli enn eini skólinn á Suðurlandi sem tekur þátt í þessu. Á fundinn kom einnig Kristín Rut Eysteinsdóttir, meðlimur *Flott-án-fíknar-klúbbsins* í Sunnlæk, og flutti lag sem hún hafði samið í félagi við Guðfinnu Rós Gunnarsdóttur um kosti þess að vera "*flott án fíknar*". Í nóvember var ætlunin að sækja Gammadeild heim en sá fundur frestast fram yfir áramót.

Eftir áramót verður hinn hefðbundni bókafundur okkar og heimsókn til Gamma-deildar. Í mars mun Erna Ingvarsdóttir, stjórnarkona Epsilon, segja okkur frá masters lokaverkefni sínu við KHÍ. Í vor verður aðalfundurinn og stjórnarskipti.

Þann 29. apríl 2009 varð deildin okkar 20 ára og af því tilefni gerðum við okkur glaðan dag. Við hittumst á Hótel Eldhestum í Ölfusi, borðuðum þar góðan mat, sögðum sögur, skoðuðum myndir og sungum. Mjög ánægjuleg kvöldstund.

Vera Ósk Valgarðsdóttir, formaður Epsilon

# Zζ Zetadeild

Starf Zetadeildar í vetur.

Í vetur verða haldnir sjö fundir á sjö mismunandi stöðum á Austurlandi. Þema vetrarins er: „Bætum lífið með breyttu hugarfari“, en með því viljum við leggja áherslu á að það er undir okkur sjálfum komið hvernig líf okkar er. Við getum valið okkur hugarfar sem styrkir okkur sem manneskjur og fagmenn. Við beinum athyglinni bæði að andlegum gildum og líkamanum. Hugum að ýmsum aðferðum sem bæta líf og heilsu og sem virkja heilastarfsemina. Í því skyni leitum við til ýmissa fagaðila til að fræða okkur á fundunum.

Zetadeild hefur ákveðið að veita eina viðurkenningu í vor til kennara sem er nýr í starfi og er það nýjung í starfi deildarinnar.

Kær kveðja,

Jarþrúður Ólafsdóttir formaður Zetadeildar.

Aðrar í stjórn eru: Helga Magnúsdóttir, Jórunn Sigurbjörnsdóttir og Björg Þorvaldsdóttir

# Hn Etadeild

Starfið í Etadeild er skipulagt út frá markmiðum sem deildin hefur sett sér. Deildarsystur taka virkan þátt í skipulagningu starfsins og framkvæmd fundanna. Stjórn deildarinnar leggur línurnar um dagsetningar funda og hefur með höndum skipulagningu og umsjón fyrsta og síðasta fundar starfsársins. Á fyrsta fundi draga deildarkonur sig í hópa og er hver fundur helgaður einu markmiði eða fundarefni. Hver hópur skipuleggur einn fund; ákveður efni í samræmi við markmið, stað og stund, fundarstjóra og ritara, flytjanda að orði til umhugsunar auk þess að annast skráningu þátttakenda á fund.

Þátttaka félaga í undirbúningi funda skilaði góðum árangri og almennri ánægju starfsárið 2008 – 2009, virkri þátttöku allra félagskvenna ásamt auknum kynnum og samstarfi. Á fyrsta fundi þessa hausts bar stjórn upp tillögu um að gera tilraun með að hóparnir tækju á sig aukna ábyrgð á starfi deildarinnar starfsárið 2009 – 2010. Þessi tillaga mæltist vel fyrir og var samþykkt að hafa eftirfarandi fyrirkomulag næsta vetur: Hópar skipuleggja fund út frá markmiði, bjóða með á fundinn einni konu, skuldbindingalaust, til að kynna henni starfið í Etadeild og velja eina konu úr hópnum til setu í stjórn Etadeildar á næsta tímabili. Deildin verður með sex fundi í vetur og er efni fundanna til jóla sem hér segir: *Að efla innbyrðis tengsl okkar, Að velja verkefni utan deildarinnar að vinna að.* Þar verður í brennidepli HEILAHRISTINGUR, verkefni deildarinnar sem starfrækt er í Gerðubergssafni Borgarbókasafns og lýtur að aðstoð við heimanám erlendra nemenda. Í desember er *jólafundurinn* tilhlökkunarefni.

Heiðursrósir Etadeildar hafa, það sem af er liðið þessu starfsári, verið veittar til Sifjar Vígþórsdóttur fyrir Menntaverðlaunin og Frumkvæðisverðlaun Geðhjálp, Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur, nýskipaðs skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Bryndísar Sigurjónsdóttur, skipaðs skólameistara Borgarholtsskóla.

Bestu kveðjur f.h. stjórnar Brynhildur Anna Ragnarsdóttir formaður.

Aðrar í stjórn:

Bryndís Sigurjónsdóttir varaformaður,

Inga Margrét Róbertsdóttir ritari,

Kirsten Friðriksdóttir gjaldkeri.



# ⊕⊕ Þetadeild

Þema vetrarstarfsins hjá Þetadeild 2009-2010 verður

**\*AÐ LEGGJA RÆKT VIÐ SJÁLFA SIG\***

Fyrsti fundur var haldinn 26. október í nýju húsnæði Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum en tvær úr Þetadeild vinna einmitt þar. Deildin býður félögum á fyrirlestur Matta Oswaldar Stefánssonar um heilsu og hugarfar. Nýtt og glæsilegt húsnæði MSS var einnig skoðað auk hefðbundinna fundarstarfa. Annar fundurinn verður haldinn heima hjá Valgerði Guðmundsdóttur, formanni deildarinnar. Fundurinn verður með jólaívaði og þá verða nýir félagar teknir inn í deildina. Þriðji fundurinn verður eftir áramótin hjá Guðbjörgu Sveinsdóttur og er hefðbundinn bókafundur. Stjórnin hefur leitað eftir hugmyndum hjá Þetasysturum að hugmyndum um fyrirlesara eftir áramótin og er ýmislegt í athugun sem þó fellur allt undir sjálfsræktarþema ársins. Deildin hefur sett sér þau markmið í vetur að fjölga nýjum félögum um leið og við ætlum að styrkja samband okkar hinna.

Bestu kveðjur, Valgerður Guðmundsdóttir formaður

Aðrar í stjórn,

Sigrún Ásta Jónsdóttir

Hulda Björk Þorkelsdóttir

Sveindís Valdimarsdóttir

Guðbjörg Sveinsdóttir

## I 1 Iotadeild

Starfið í vetur er hafið og er þema vetrarins nýju skólalögin, þ.e. leikskólalög, grunnskólalög og framhaldsskólalög. Búið er að halda fundinn um leikskólalögin sem var mjög fróðlegur og lífligar umræður á eftir svo að næstu fundir verða eflaust ekki síðri, áhugavert fyrir alla og aðeins að komast reynsla á lögin. Við stefnum að inntöku nýrra félaga á jólafundi og janúarfundurinn er samkvæmt venju bókafundur, þar sem fundartíminn er aldrei nógu langur fyrir allt sem félagskonur vilja ræða um bækur. Fundir vetrarins verða sjö, þrjár haustfundir og fjórir eftir áramót.

Kveðja, Edda B. Kristmundsd., formaður Jótadeildar

Aðrar í stjórn Guðríður Sigurðardóttir varaformaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir meðstjórnandi, Sigurlína Jónasdóttir ritari, Jóhanna Ásgeirsdóttir gjaldkeri.



# KK Kappa

Á síðasta fundi Kappadeildar síðast liðið vor var hugarflug meðal félaga um viðfangsefni og þema næsta starfsárs 2009-2010. Ýmsar hugmyndir flugu um loftið og var félagskonum tíðrætt um búhyggindi, vináttu og gömul gildi. Einnig var rætt um að lesa sama bækur og ræða innihald þeirra á fundum eftir jólabókaflóðið.

Með þetta í farteskinu ákvað stjórnin á fyrsta stjórnarfundum í haust að þema vetrarins yrði „mannúð og menning“. Flétta skyldi aman ýmsu sem lýtur að þessum viðgangsefnum á fundum okkar.

Það sem af er vetri hafa tveir fundir verið haldnir og hafa viðfangsefnið verið mannúðarmál, býhyggindi og fleira gott fyrir sál og kropp. Fengum við m.a. Margréti Dórotheu Sigfúsdóttur skólustjóra Hússtjórnarskóla Reykjavíkur til okkar og fræddi hún okkur um starf hans og breytingar á háttum skólans sem og námsmeija (-sveina) hans á umliðnum árum. Á jólafundi okkar í lok nóvember munum við fá góðan gest í heimsókn, rithöfund eða söngdýfu!

Stjórnin ætlar að setjast niður í næstu viku og ákveða dagskrá funda eftir áramót og fram á vor, en að sjálfsögðu verður þar margt áhugavert í boði.

Stjórn Kappadeildar 2007-2010: Marsibil Ólafsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Þorsteinsdóttir, varaformaður, Sólborg Alda Pétursdóttir, ritari, Anna Sigurborg Harðardóttir, meðstjórandi, M. Elín Guðmundsdóttir, gjaldkeri. Umsjón með vefnum hefur Sólborg Alda Pétursdóttir.



Vorið 2009 heimsótti deildin Hörpu Árnadóttur listakonu, sem tileinkaði sýninguna Nánd, í anddyri Hallgrímskirkju, afa sínum og ömmu sr. Sigurbirni Einarssyni og Magneu Þorkelsdóttur



## Hollráð í kennslustundum frá Þrúði Kristjánsdóttur Deltadeild

Til að gera íslensku- dönsku- og enskukennsluna stundum líflægri er hægt að bregða fyrir sig smáleik sem heitir “Hver á töskuna”. Þennan leik er hægt að aðlaga öllum aldurshópum. Kennarinn útbýr 2-4 töskur eða bara plastpoka og setur í hvern og einn mismunandi persónulega muni, svo sem snyrtivörur, sundföt, einhvers konar lyf, þar er nóg að hafa umbúðir utan af lyfjum, fæðubótarefnum eða vítamínum. Hugsanlega einnig afrif af farmiðum leikhúsmiðum, flugmiðum, ljósmyndir af einhverju fólki, pocketbækur eða tímarit.

Við skiptum nemendum í hópa og segjum þeim að þessir pokar eða töskur hafi fundist á umferðarmiðstöðinni og nú eigi þau að finna út hvernig persóna það er sem gæti átt pokann. Svo er hægt að láta skila skriflegri eða munnlegri skýrslu um persónuna og rökstuðningi ályktananna. Þetta hefur alltaf reynst vel.



Til að lifga upp á stærðfræðitíma, getur gilt fyrir alla aldurshópa. Þá sameinum við keppni, hreyfingu og stærðfræði. Annað hvort skrifum við jafnmörg dæmi á töfluna eða höfum blöð með jafnmörgum dæmum og nemendur eru. Skemmtilegra á töflu. Nemendur sita við borð sín í þrem eða fjórum röðum og þeir fremstu koma upp og reikna dæmin á töflunni, enginn má hjálpa þeim sem er að reikna. Síðan kemur næsti fyrir aftan um leið og sá fyrsti sest. Tíminn er tekinn á liðunum og síðan fer kennarinn yfir dæmin með krökkunum. Líka er hægt að láta þau reikna dæmin um leið og keppandinn. Úrslitin ráðast svo af hve mörg rétt dæmi voru reiknuð, en líka er tekið mið af tíma. Kennarinn getur ráðið í samráði við krakkana hversu mikið vægi tíminn hefur. Þarna geta kennarar séð um að allir fái viðráðanleg viðfangsefni svo enginn þarf að vera “tapari” fyrir framan aðra.



# Jóna Valgerður Kristjánsdóttir



## Menntasmiðjur kvenna

Á árunum 2002-2007 var ég verkefnisstjóri við tvær menntasmiðjur kvenna sem voru Menntasmiðjan Auður í Dölum og Menntasmiðjan Viska að Varmalandi í Borgarfirði. Starfandi menntasmiðjur kvenna hafa verið góð grunnenntun á mörgum sviðum. Fyrst og fremst hafa þær eflt sjálfstraust kvenna, gefið þeim innsýn, og bent á hina ýmsu möguleika, sem þeim stæðu til boða hvað varðaði frekari menntun eða ný atvinnutækifæri.

### Forsagan:

Menntasmiðjur hafa verið starfandi víða um land allt frá árinu 1994 og þær konur skipta hundruðum sem hafa stundað nám þar. Upphaflega hugmyndin að menntasmiðjum er komin frá Norðurlöndunum og á nokkuð skylt við lýðháskólahugmyndina og kvennadagskóla.

Menntasmiðja er skóli sem sniðinn er að þörfum kvenna og tekur breytingum eftir því hvaða hópur á í hlut því konurnar sjálfar hafa nokkuð um það að segja hvaða námsefni er valið. Útfærslur á námsefni geta því verið mismunandi milli menntasmiðja. Grunnurinn er þó alltaf sjálfstyrking, hagnýtt nám verklegt og bóklegt, og skapandi nám. Í menntasmiðjum læra nemendur að tjá skoðanir sínar, taka tillit til skoðana og tilfinninga annarra og virða þær. Tilgangurinn með náminu er ekki að mæla þekkingu í tölum eða einkunnum, heldur í ánægju, aukinni lífsleikni og sjálfstyrkingu. Lögð er áhersla á þagnarskyldu og mætingarskyldu. Menntasmiðjan gefur því menntunarmöguleika sem hvergi eru annarsstaðar að finna í skólakerfi okkar.

### Reynslan:

Þær tvær menntasmiðjur sem ég hef stjórnað hafa verið samsettar af mjög ólíkum nemendum og á öllum aldri allt frá 23ára til sextugs. Það tókst þó vel að samræma sjónarmið og fá hópana til að mynda samstæða heild. Og sem betur fer eru konur margbreytilegar eins og mannlífið allt. Það var því í menntasmiðjunum lögð mismunandi mikil áhersla á hina ýmsu þætti kennslunnar. Nokkur tími fór í að kynnst konunum og leita leiða til að uppfylla óskir þeirra og þarfir til námsins. Ég er viss um að konur sem hafa sótt nám í menntasmiðjum kvenna, telja sig hafa haft af því verulegt gagn og það orðið til að víkka sjónvildarhring þeirra. Margar þeirra hafa síðan haldið áfram að sækja sér frekara nám á ýmsum sviðum, og aðrar stofnað til






fyrirtækjareksturs. Í lok menntasmiðjunnar voru konurnar látnar fylla út matsblöð og kom í ljós að sjálfsstyrkingin var sú námsgrein sem allar telja mikilvægasta og mátti greinilega sjá ánægjulega breytingu á konunum yfir tímabilið.

**Framtíðin:**

Hvað verður svo í framtíðinni um menntasmiðjur kvenna er óráðið í dag. Konur hafa almennt haft minni menntun en karlar og sérstaklega gildir það í dreifbýlinu. Þetta nám hefur því verið kærkomin viðbót í menntunarmöguleikum þar. Jafnréttis- umræða nútímans gengur út á að gera konur virkar til jafns við karla í allri ákvarðana- töku í þjóðfélaginu og þær hafi jafna stöðu til áhrifa. Bankahrunið á ekki síst þátt í því að meira er nú farið að tala um konur sem vænlega stjórnendur. Eða voru það ekki mestmegnis karlar sem settu allt samfélagið á hvolf? Fjölmargar rannsóknir hafa og sýnt að konur eru á margan hátt betri stjórnendur, þær eru varkárari í fjármálum, þær ná betri samstöðu með starfsmönnum og andrúmsloft á vinnustað er betra. Aðalávinningur fyrir samfélagið af rekstri menntasmiðja er að konur eru ánægðari, sjálfsöryggari og verða virkari í samfélaginu. Konurnar hafa þannig áhrif á sitt nánasta umhverfi og taka þátt í mótun samfélagsins.

Menntasmiðjur kvenna eru liður í framkvæmd slíkrar hugmyndafræði. Ég er sann- færð um að menntasmiðjur kvenna ættu að skipa varanlegan sess í skólakerfi okkar. Það myndi styrkja og efla konur til þátttöku í öllu samfélagslegu starfi og koma okkur öllum til góða.



# Landssambandsþing DKG haldið að Hallormsstað dagana 16.–17. maí 2009 Bútasaumsferðasöguteppi Betasystra

Þegar við DKG-systur komum til landssambandsþings däumst við að því sem augað sér og hugurinn nemur meðan við dveljum á þingstað, e.t.v. án þess að velta fyrir okkur öllum þeim undirbúningi sem umgjörðin og framkvæmdin endurspeglar. Eða þannig finnst mér ég muna þetta í þau skipti sem ég hef mætt til þings. Aðeins hluti alls þess undirbúnings sem fram fer verður sýnilegur á þinginu, sbr. hin glæsilega umgjörð fundarsalarins sem þær Zetasystur sköpuðu á landssambandsþingi að Hallormsstað sl. vor, hún var bæði í anda DKG og þingstaðarins.

Fyrir landssambandsforseta er undirbúningur umfangsmikill þó það sé aðeins lítill hluti sem hann vinnur ásamt landssambandsstjórninni. Um það bil ári áður en til þingsins kemur, og oft talsvert fyrr, tekur stjórn stefnuna á ákveðna dagsetningu, einhverja helgi, þar sem álitlegt gæti verið að kalla til þings. Þeirri spurningu er velt upp hvar halda skuli þingið og þar með ræðst nokkuð hvaða deild er falið það hlutverk að undirbúa þingið þar á staðnum. Sú deild fær í hendur langan gátlista með ótal atriðum sem safnað hefur verið saman gegnum árin. Svo er bætt við listann eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað og hverjum tíma. Hlutverk deildarinnar er umfangsmikið og í því felst mikil vinna eins og við sáum svo glöggst sl. vor. Deildin þarf að hefjast handa strax og hún hefur tekið hlutverkið að sér því mikilvægt er að tryggja húsnaði til fundarhaldanna og gistiþláss sem allra fyrst, það er jú forsenda alls. Svo kemur allt hitt og alltaf bætist við listann langa. Þannig er það hlutverk deildarinnar að sjá um alla umgjörð þingsins, allt sem við kemur húsakosti, gistingu, fundaraðstöðu og búnaði, mat, drykk, dægurvöl og skemmtan. Aðalkosturinn fyrir deildina, sem tekur hlutverkið að sér, er að viðfangsefnið er ögrandi, eflir starfið og félagskonur tengjast nánari böndum.

Strax og dagsetning og staður hafa verið ákveðin tekur menntamálanefnd einnig til starfa, en hennar hlutverk er að koma með tillögur um þema þingsins hafi landssambandsstjórn ekki komið sjálf með tillögu þar um. Nefndin setur síðan fram tillögur um fyrirlesara og efni í samræmi við þemað, hefur samband við fyrirlesara, stundum þarf að fara nokkra hringi, t.d. þegar sá sem nefndin hefur augastað á getur



ekki sinnt verkefni. Nefndin þúsar saman dagskránni, ákveður tímasetningar, hlé, umræður, hugsanlega hópvinna og hvort pallborð skuli vera. Menntamálanefndin kemur að framkvæmd ráðstefnudagsins sem er fyrri dagur landssambandsþingsins.

Starf beggja þessara hópa léttir afar mikið á stjórn landssambandsins við undirbúninginn og án þeirra væri ekkert landssambandsþing haldið. Hóparnir vinna í samstarfi við landssambandsstjórn og leggja tillögur sínar fyrir hana og þurfa þær að ganga upp m.t.t. fjárhagsáætlunar þingsins, sem landssambandsstjórnin gerir í kjölfar tillagna frá deild og menntamálanefnd, og fleiri þátta hverju sinni.

Hlutverk landssambandsstjórnar er síðan að sjá um aðalfundinn, sem fram fer síðari dag þingsins, þar sem m.a. er kosin ný stjórn, fluttar skýrslur og litið er yfir farinn veg. Sá undirbúningur er umtalsverður, ný stjórn verður ekki kosin nema að undangenginni vinnu uppstillingarnefndar, sem tekur til starfa í vetrarbyrjun fyrir landssambandsþing að vori, og skýrslur verða ekki fluttar nema með samskiptum við alla þá aðila sem málið varðar. Hugsanlega eru lagabreytingar, sbr. síðasta þing, og til þess að hægt sé að leggja þær fyrir hefur laganefnd verið að störfum og undirbúið þann þátt. Leitað er til deilda um skemmtiatriði, en þær sluppu reyndar svo vel í þetta skiptið þar sem þær Zeta-konur sáu um dagskrána með glæsibrag og verður erfitt að feta í þau fótspor. Margar hendur vinna létt verk og því eigum við svo góðar minningar frá öllum landssambandsþingum, um fræðandi og skemmtileg þing, og einkum og sér í lagi notalegar og gefandi samverustundir. Það ber að þakka.

En hvernig upplifðum við landssambandsþingið á Hallormsstað? Árla morguns (nánar tiltekið kl. 5:00) 16. maí s.l. lögðum við Ingibjörg Auðunsdóttir og Rósa Júlíusdóttir af stað á landssambandsþing Delta Kappa Gamma – félags kvenna í fræðslustörfum. Þingsetning var áætluð klukkan 9.00 þennan morgun svo ekki mátti slóra. Fullar tilhlökkunar héldum við sem leið lá austur á bóginn í undurfallegru morgunbirtunni. Nóttin hlýtur þó að hafa verið köld því hvarvetna sátu gæsir í vegkantinum og datt okkur helst í hug að malbikið væri hlýrra en móarnir. Á Mývatnsöræfum var niðdimm þoka og því lítil hætta á að við keyrðum yfir löglegum hraða, frekar var að við læddumst áfram með nefin klesst við framrúðuna í von um að sjá veginn! Í stuttan tíma glitti þó í sólina og kemur þá í ljós að við erum ekki bara tvær Beta-systur í bilnum heldur hafði Bolla hunangsfluga búsett í Birkilundi á Akureyri gerst laumufarþegi og suðaði nú sem hæst hún mátti við afturrúðuna. Þótt hún væri langt frá heimahögum ákváðum við að hleypa henni út á öræfunum í von um að hún kæmist í blómanektar sem fyrst til dæmis í næstu lúpínubreiðu. Nú lækkaði vegurinn óðum og að lokum blasti við Fljótsdalshérað baðað sól. Við komum svo í Hallormsstað rétt í þann mund að þingið var að hefjast og það var gaman að heilsa Delta Kappa Gamma systurum víða af landinu og Betasysturum sem höfðu keyrt austur daginn áður. Framundan var áhugavert þing, og tilhlökkun í loftinu.



Á laugardeginum var mjög áhugaverð og þétt dagskrá, en yfirskrift þingsins var *Fyrstu starfsár kennarans, reynsla og rannsóknir – leikni og leiðsögn*. Áhugavert var að hlusta á aðalfyrirlesara þingsins þær Lilju M. Jónsdóttur og Maríu Steingrímisdóttur gera grein fyrir rannsóknum sínum í íslenskum skólum. Zetasystur og skólafólk að austan gaf okkur innsýn í viðhorf nýja kennarans og skólastjórnenda um reynslu nýbrautskráðra kennara þar um slóðir.



Bryddað var upp á þeirri nýjung að hafa hópaumræður í sal á eftir erindum fyrirlesara og beindu hóparnir síðan spurningum til fyrirlesara og sendu einnig spurningar inn í pallborðið sem var síðar í dagskránni. Þetta mæltist vel fyrir og verður vonandi endurtekið. Góður tími var gefinn til skoðanaskipta og var gaman að upplifa þá miklu virkni sem var í hringborðsumræðum eftir fyrirlestrana.

Minnisstæðir atburðir eru t.d. skógarferðin sem farin var í lok fræðsludagsins á laugardeginum. Við skoðuðum trjásafnið á Hallormsstað sem er í miðjum skógi skammt innan við Gróðrarstöðina í svokallaðri Mörk. Trjásafnið var opnað formlega árið 1993. Í gegnum tíðina hafa verið gerðar tilraunir með ræktun á mörgum erlendum trjategundum í Mörkinni, sem var hin upphaflega gróðrarstöð, stofnsett af danska skógfræðingnum Flensborg 1903. Síðan hafa fleiri frumkvöðlar og stórhugar í skógrækt verið á ferðinni í Mörkinni með þeim árangri að þar eru nú yfir 80 tegundir





trjáa margar hverjar ættaðar af fjarlægum slóðum. Á svæðinu eru líka listilega hlaðnar steinbrýr yfir læki og minnisvarði um Þorstein Valdimarsson, skáld, stendur nálægt þeim stað þar sem hann hafði jafnan tjaldjið sitt forðum. Fyrir okkur, sem búum hér á norðurhjara, hefur þessi ótrúlegi fjöldi innfluttra trjátegunda gildi að því leyti að auka stolt okkar yfir því hvaða möguleika Ísland býður nýjum og fjölbreyttum gróðri

Um trjásafnið fengum við leiðsögn Þórs Þorfinnssonar skógarvarðar. Það var ómetanlegt að fá leiðsögn manns sem þekkir þarna hverja hríslu. Maður fékk óþekktu tilfinningu fyrir skóginum. Það var eins og Þór væri að tala um börnin sín og væntumþykjan skein úr andlitinu á honum þegar hann faðmaði trén og klappaði þeim.

En endir á ánægjulegri gönguferð kom okkur á óvart. Við komum í stórt rjóður þar sem logaði eldur. Hugsuðum við þá að það væru fleiri en við að njóta umhverfisins. En eldurinn var okkur ætlaður og ekki var verra að þar beið heitt súkkulaði með ívafi.

Annað atriði átti sérlega greiðan aðgang að hjarta



okkar á þessu þingi. Áður en hátíðarkvöldverður hófst í Hallormsstaðaskóla var haldin móttaka í Húsmæðraskólanum. Þar talaði við okkur Sigurður Blöndal „skógarvörður Íslands” eins og einhver kallaði hann. Sigurður sagði frá sögu skólans (en hann ólst þar upp) og ekki síst því hvernig móðir hans, Sigrún Pálsdóttir Blöndal, átti þátt í að koma á fót Húsmæðraskóla á Hallormsstað. Sigrún var jafnframt fyrsta forstöðukona skólans. Hún hafði sótt menntun sína til Norðurlandanna og m.a. lært vefnað.

Kennsla í vefnaði var alltaf mjög rómuð í þessum skóla, og Sigrún hélt jafnframt námskeið í vefnaði víða um land. Góð vinkona hennar var Halldóra Bjarnadóttir og fóru þær saman til Finnlands á norræna heimilisiðnaðarþingið 1934, og til hinna Norðurlandanna að kynna sér handmenntir og heimilisiðnað. Sigrún var líkt og Halldóra mikill frumkvöðull í íslensku uppeldis og menntunarstarfi. Því átti litrík og hlý frásögn Sigurðar af móður hans einstaklega vel við í hópi okkar Delta Kappa Gamma systra.

Að lokinni þessari samveru okkar í Húsmæðraskólanum var haldið til hátíðarkvöldverðar en það er hefð á öllum landssambandsþingum að snæða saman hátíðarkvöldverð á laugardagskvöldinu. Betasystur höfðu undirbúið sig fyrir þetta kvöld áður en haldið var í ferðina með því að setjast yfir bækur með samkvæmisleikjum og velja þar hina ýmsu leiki og þrautir sem ætlunin var að láta aðrar DKG systur spreyta sig á yfir borðum ef við yrðum rukkaðar um skemmtiatriði. Að vanda var maturinn og viðgjörningur allur eins og best verður á kosið. Er vægt til orða tekið að segja að þarna hafi virkilega verið gælt við bragðlauka okkar bæði í mat og drykk. En þrátt fyrir að maturinn sjálfur hafi verið eftirminnilegur var þó dagskrá þessa kvölds ekki síður eftirminnileg. Veislustjórnina annaðist séra Lára G. Oddsdóttir í Zetadeildinni og er óhætt að segja að hún hafi gert það með miklum ágætum. Kryddaði hún mál sitt með ýmsu léttmeti og gerði það svo vel að unun var á að hlýða. Fljótlega kom í ljós að Betasystur höfðu aldeilis ekki þurft að stressa sig á leit að skemmtiatriðum til að gleðja DKG systur undir borðum því þar var sko ekki komið að tómunum kofanum hjá þeim Zetasystemum. Er ekki að orðlengja að þar rak

hvert meistarastykkið annað bæði í söng og leik og vorum við Betasystur fljótar að stinga okkar leikjum og þrautum undir stól og láta hverfa. Veislugestir veltust um af hlátri undir hinum ýmsu uppákomum og fyrr en varir var stundin flogin og háttatími brostinn á.

Ánægðar við þinglok, Anna Þóra Baldursdóttir fráfarandi forseti, Jacklynn Cuppy fyrrverandi alþjóðaforseti og nýr landssambandsforseti, Ingibjörg Jónasdóttir.



Upp úr stendur ógleymanleg samvera í góðra vina hópi. Var sérstaklega ánægjulegt að sjá hvað meðlimir þessarar ungu Zetudeildar, sem sumir hverjir voru ekki búnir að starfa með deildinni nema í nokkra mánuði, voru samstilltir í að gera sitt besta og gera okkur kvöldið ógleymanlegt. Þessi samheldni og eining er einmitt eitt af því sem gerir félagsskapinn okkar svo góðan og veldur því að mann langar aftur og aftur á landsambandsþing.

Aðalfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi 2009 var síðan haldinn sunnudaginn 17. maí. Skipulag hans var flott og tímasetningar stóðust, sem skiptir mál á fjölmönnum þingum. Í fyrsta sinn var á landsambandsþingi minningarstund til að minnast fallinna félag. Elín Hannibalsdóttir flutti minningarorð um Guðrúnu Ingvarsdóttur (Gígju) Epsilondeild f. 26. sept. 1949, d. 6. febr. 2008. Á aðalfundinum urðu forsetaskipti. Anna Þóra Baldursdóttir Betadeild lét af embætti og við tók Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild. Fyrir okkur Betasystur var áhugavert að fylgjast með farsælu starfi Önnu Þóru í forsetaembættinu og hvað verk hennar höfðu góð áhrif á starfið í Betadeild. Við óskum Ingibjörgu innilega til hamingju með embættið.

Fundargerð aðalfundar og myndir frá þinginu má finna á heimsíðu samtakanna [www.dkg.muna.is](http://www.dkg.muna.is)

Það var ánægjulegt að finna kraftinn í Zeta konum á þinginu. Þær stóðu sig með þrýði og eiga hrós skilið fyrir fallega umgjörð á þingstað, faglega umræðu og gott skipulag á Landsambandsþinginu. Þá eiga staðarhaldarar að Hallormsstað miklar þakkir skildar fyrir að taka vel á móti hópnum í einu og öllu. Við Beta-systur þökkum ykkur öllum fyrir frábæra samveru á Hallormsstað.


Anna Þóra Baldursdóttir, Eygló Björnsdóttir,  
Helga Thorlacius, Ingibjörg Auðunsdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir.



Stoltar Zetakonur við þinglok, áður en þær afhentu þingkonum gjöf frá Fljótsdalshéraði, smekklega lyklakippu.

## Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum



Heimasíðan okkar er :  
<http://dkg.muna.is>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:  
<http://deltakappagamma.net>